

Fráveita Seltjarnarness

Ársreikningur
2020

Fráveita Seltjarnarness

Austurströnd 2

170 Seltjarnarnes

kt. 560269-2429

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar veitustofnana og veitustjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar veitustofnana og veitustjóra

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Rekstramiðurstaða Fráveitunnar var jákvæð á árinu 2020 að fjárhæð 85,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé Fráveitunnar var jákvætt um 7,3 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi.


Vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Fráveita Seltjarnarness er að fullu í eigu Seltjarnarnesbæjar.

Stjórn veitustofnana Seltjarnarness og veitustjóri staðfesta hér með ársreikning Fráveitunnar fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 17. mars 2021

Stjórn veitustofnana:



Handwritten signatures of the board members, including the name 'Argeirur Hauðaug'.

Veitustjóri:



Handwritten signature of the manager.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til veitustjórnar og eigenda Fráveitu Seltjarnarness.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Fráveitu Seltjarnarness („veitan“) fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu veitunnar 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðanda á Íslandi og teljumst því óháð veitunni. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og veitustjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem veitan birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem veitan gefur út en talið er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á slíkum fjárhagsupplýsingum og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins, hvort framlagðar upplýsingar séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í þeim kunni að leynast verulegar villur

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu veitustjóra og stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita í skýrslu stjórnar samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og veitustjóra á ársreikningnum

Stjórn og veitustjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og veitustjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og veitustjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi veitunnar. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningi með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins

Stjórn og veitustjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi veitunnar:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvisandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé sniðgengið.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits veitunnar, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi veitunnar.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar veitunnar og berum ein ábyrgð á álitum okkar á veitunni.

Okkur ber skylda að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er verðar óháði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óháði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óháði okkar, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 17. mars 2021



Sturla Jónsson
lögilltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2020

Skýr.	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Rekstrartekjur			
Fráveitugjald	201.705	200.972	189.418
	<u>201.705</u>	<u>200.972</u>	<u>189.418</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	6.032	6.032	5.858
Annar rekstrarkostnaður	62.904	82.631	56.649
Afskriftir 5	15.821	15.114	16.144
	<u>84.757</u>	<u>103.778</u>	<u>78.651</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	116.948	97.194	110.766
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vextir og verðbætur	(31.166)	(34.042)	(30.394)
Rekstrarniðurstaða	<u><u>85.782</u></u>	<u><u>63.152</u></u>	<u><u>80.372</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr.	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Veitukerfi	5	279.173	259.457	271.912
Fastafjármunir		<u>279.173</u>	<u>259.457</u>	<u>271.912</u>
Veltufjármunir:				
Skammtímakröfur:				
Aðalsjóður Seltjarnarness		117.776	120.281	65.933
Veltufjármunir		<u>117.776</u>	<u>120.281</u>	<u>65.933</u>
Eignir samtals		<u><u>396.949</u></u>	<u><u>379.738</u></u>	<u><u>337.845</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Eigið fé				
Eigið fé (ójafnað tap).....	6	7.292	(13.127)	(78.490)
Eigið fé samtals		<u>7.292</u>	<u>(13.127)</u>	<u>(78.490)</u>
Langtímaskuldir				
Langtímaskuldir við Aðalsjóð.....	7	389.613	392.814	416.289
Næsta árs afborgun langtímaskulda.....		(42.370)	(42.631)	(39.037)
		<u>347.243</u>	<u>350.183</u>	<u>377.252</u>
Skammtímaskuldir				
Næsta árs afborgun langtímaskulda.....	7	42.370	42.631	39.037
Ýmsar skammtímaskuldir.....		43	51	46
		<u>42.414</u>	<u>42.682</u>	<u>39.083</u>
Skuldir samtals		<u>389.657</u>	<u>392.865</u>	<u>416.335</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>396.949</u></u>	<u><u>379.738</u></u>	<u><u>337.845</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2020

	Skýr.	Ársreikningur 2020	Áætlun 2020	Ársreikningur 2019
Rekstrarhreyfingar				
Rekstrarniðurstaða.....		85.782	63.152	80.372
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir	5	15.821	15.114	16.144
Verðbætur, aðalsjóður		13.965	16.690	12.279
Veltufé frá rekstri		<u>115.568</u>	<u>94.956</u>	<u>108.795</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		(3)	0	(3)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(3)</u>	<u>0</u>	<u>(3)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>115.565</u>	<u>94.956</u>	<u>108.792</u>
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	5	(23.081)	(20.000)	(19.460)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(23.081)</u>	<u>(20.000)</u>	<u>(19.460)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:				
Aðalsjóður Seltjarnarness breyting.....		(92.484)	(74.956)	(89.332)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(92.484)</u>	<u>(74.956)</u>	<u>(89.332)</u>
Breyting á handbæru fé.....		0	0	0
Handbært fé í ársbyrjun.....		0	0	0
Handbært fé í árslok.....		0	0	0

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

Innlausn tekna

2. Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

Færsla gjalda

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

4. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádragnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð.

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	Veitukerfi
Heildarverð 1.1.2020.....	886.981
Afskrifað áður	(615.069)
	<u>271.912</u>
Viðbót á árinu.....	23.081
Afskrifað á árinu.....	(15.821)
	<u>279.173</u>
Bókfært verð 31.12.2020.....	279.173
Afskriftarhlutföll	4,0%

Eigið fé

6. Yfirlit um eigið fé (ójafnað tap):

Flutt frá fyrra ári.....	(78.490)
Rekstrarniðustaða ársins.....	85.782
	<u>7.292</u>
Eigið fé (ójafnað tap) samtals 31.12.2020.....	<u>7.292</u>

Skýringar frh.

Langtímaskuldir

7. Yfirlit um langtímaskuldir:

Aðalsjóður, verðtryggt lán með 4,0% vöxtum.....	389.613
	<u>389.613</u>

Afborganir af langtímaskuldum sjóðsins greinast þannig á næstu ár:

	Samtals
Árið 2021.....	42.370
Árið 2022.....	44.065
Árið 2023.....	45.828
Árið 2024.....	47.661
Árið 2025.....	49.567
Afborgun síðar	160.122
Langtímaskuldir alls.....	<u>389.613</u>

Tengdir aðilar

8. Aðal- og varamenn í veitustjórn ásamt veitustjóra eru skilgreindir sem tengdir aðilar fráveitunnar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða stjórn þessara aðila.

Á árinu náðu viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem fráveitan veitir. Viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sundurliðanir

8. Annar rekstrarkostnaður

Sameiginlegur kostnaður	45.108	59.857	50.573
Fráveita safnkerfi, rekstur	10.556	15.146	2.789
Dælustöðvar og þrær	7.240	7.628	3.288
	<u>62.904</u>	<u>82.631</u>	<u>56.649</u>